



Ársfundur 2016 v. 2015

Fundarstaður : Verkalýðshúsið, Helli.

Fundartími : Fimmtudagur 18. maí 2016, kl. 20.00.

Már Guðnason, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Már Guðnason taki að sér fundarstjórn og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Mætt: Heimir Hafsteinsson, Óskar Pálsson, Már Guðnason, Eydís Þ. Indriðadóttir, Þröstur Sigurðsson, Guðrún Elín Pálsdóttir, Pétur Magnússon, Ingibjörg Marmundsdóttir, Ingólfur Rögnvaldsson, Sigrún Bára Eggertsdóttir, Ester Markúsdóttir, Árni Þorgilsson, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir, Marínó Örn Tryggvason, Haraldur Yngvi Pétursson og Unnur Elín Jónsdóttir

Gengið til dagskrár. Már stýrir fundi.

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar

Már Guðnason flutti skýrslu stjórnar. Hrein eign sjóðsins í árslok 2015 til greiðslu lífeyris nam 9.333,9 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 965,5 milljónir kr. eða um 11,54%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2015 var 10.258. Meðaltal fjölda sjóðfélaga á árinu, þ.e. meðaltal þeirra sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu var 909 en var 897 árið 2014.

iðgjöld á árinu 2015 námu alls um 446,7 millj.kr. og hækkuðu um 12% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu 235,1 millj.kr., sem er 13,2% aukning frá fyrra ári. Meðaltal fjölda lífeyrisþega á árinu 2015 var 593 en 545 árið 2014.

Rekstrargjöld ársins námu 24,2 millj.kr., sem er um 5,4% af iðgjaldatekjum ársins og ef miðað er við hreina eign til greiðslu lífeyris þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,26% sem er sama kostnaðarhlutfall og árið 2014.

Af heildareign sjóðsins eru eignir í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum og innlendum hlutabréfum 2.707,6 milljónir kr. eða um 29%. Eign í innlendum og erlendum skuldabréfum nemur um 5.546,8 milljónir kr. eða um 59,4% af heildareign sjóðsins. Heildarávöxtun sjóðsins á árinu 2015 var 8,8% en raunávöxtun var 6,68% samanborið við 4,23% raunávöxtun 2014.

Fjármálaeftirlitið setti í mars 2015 nýjar reglur nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða, sem gilda áttu fyrir árið 2015. Nýju reglurnar munu leiða til breytinga á framsetningu og mati verðbréfa í ársreikningi sjóðsins og heimila mat skuldabréfa á gangvirði. Þá munu kröfur um aðrar upplýsingar í ársreikningnum breytast nokkuð. Sjóðurinn nýtir heimild til að fresta upptöku nýju reglnanna, að því leyti sem heimilt er, og er ársreikningur 2015 því gerður í samræmi við eldri reglur nr. 55/2000. Óverulegar breytingar eru því gerðar á framsetningu yfirlits um breytingar á hreinni eign og efnahagsreiknings sjóðsins að þessu sinni en upplýsingagjöf í skýringum er aukin til samræmis við breyttar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 11 sinnum á starfsárinu, þar af voru 2 fundir haldnir í Reykjavík.

Almennt hefur starfsemi og rekstur sjóðsins gengið vel á liðnu ári. Samstarf við rekstraraðila hefur verið með ágætum og allir þættir í starfi sjóðsins sem snúa að opinberum eftirlitsaðilum eru í föstum skorðum. Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2015 og er staða sjóðsins í meginatriðum góð.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2015 liggur fyrir. Á síðasta ársfundi sjóðsins var samþykkt tillaga stjórnar um breytingu á réttindatöflu sjóðsins, til lækkunar. Tók breytingin gildi frá 1. janúar 2016. Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur farið versnandi hin síðari ár og bregðast þurfti við án þess þó að skerða áunnin réttindi. Umrædd breyting á réttindatöflu sjóðsins auk mjög góðrar ávöxtunar ársins 2015 hefur leitt til verulegrar breytingar á tryggingafræðilegri stöðu, til hins betra.

2. Kynning ársreiknings

Haraldur Yngvi Pétursson lagði fram og kynnti ársreikning ársins 2015. Helstu niðurstöður eru í þús. kr. :

Iðgjöld

446.664



| | |
|--------------------------|-----------|
| Lífeyrir | 229.499 |
| Fjárfestingartekjur | 803.575 |
| Fjárfestingargjöld | 32.749 |
| Rekstrarkostnaður | 24.189 |
| Hækkun á hreinni eign | 965.482 |
| Hrein eign í árslok 2015 | 9.333.873 |

Haraldur fór yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi ársins og helstu breytingar á milli ára 2014 og 2015 svo sem útgreiðslur, innborguð iðgjöld, kaup á verðbréfum og aðrar fjárfestingar. Haraldur fór yfir helstu skýringar í ársreikningi og samanburð milli ára. Hann fór yfir raunávöxtun sjóðsins á árinu 2015 sem var 6,7% á kaupkröfu. Haraldur fór yfir meðaltal raunávöxtunar m.v. árslok 2015. Haraldur fór yfir breytingu milli ára á eignasamsetningu sjóðsins og helstu fjárfestingar ársins 2015. Að lokum fór Haraldur yfir þróun markaða það sem af er ári 2016.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning. Ekki komu fram fyrirspurnir.
Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Próstur Sigurðsson framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir og kynnti niðurstöður úttektar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Niðurstaða athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2015 er að það vantar kr. 333 milljónir til að sjóðurinn eigi fyrir áföllnum skuldbindingum eða -3,7% og kr. 282 milljónir vantar til að sjóðurinn eigi fyrir heildarskuldbindingum eða -1,8%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er að lagast verulega á milli ára vegna góðrar ávöxtunar sjóðsins og þeirra breytinga sem gerðar voru á réttindatöflu sjóðsins á síðasta ársfundi og tóku gildi frá og með 1. janúar 2016.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tryggingafræðilega úttekt. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Marínó Örn Tryggvason forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2016 og ræddi markmið stefnunnar. Marínó sagði að stjórn væri nú sem fyrr að fara þá leið að vera með varfærna fjárfestingastefnu og að lítið væri um breytingar frá árinu áður. Markmið stefnunnar er fyrst og fremst að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Hann sagði að vægi í flokknum Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og

skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs er minnkað úr 63% í 55%. Neðri vikið lækkuð úr 50% í 40%. Vægi í flokknum Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana er aukið, fór úr 2% í 5%. Efri vikið voru aukin úr 10% í 15%. Vægi í flokknum Fasteignaveðtryggð skuldabréf er aukið, fór úr 0% í 1%. Vægi í flokknum Hlutabréf er aukið, fór úr 15% í 18%. Vægi í flokknum Önnur verðbréf er aukið, fór úr 5% í 6%.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2016.

Már Guðnason formaður stjórnar sagði að menn væru að reyna sitt besta í þessum efnum og samstarfið var gott á árinu við bankann. Stefna sjóðsins hefur verið með þessu varfærna sniði um langt skeið og gefið ágæta raun.

Ingólfur Rögnvaldsson spyr hvort að það sé ekki ástæða til að gefa í ?

Marinó Örn Tryggvason svaraði með því að fara yfir stefnu sjóðsins í hlutabréfum, hann sagði hana vera svipaða og hjá öðrum lífeyrissjóðum en þó með minni áhættu, því sjóðurinn á ekki eins mikið í erlendum hlutabréfum og margir aðrir sjóðir, því er erfiðara um vik hvað varðar áhættudreifingu.

5. Stjórnarkjör

Framkvæmdastjóri sagði frá því að Samtök atvinnulífsins hafi á síðasta ársfundi sjóðsins skipað Eydísi Þ. Indriðadóttur sem aðalman til ársfundar 2017 og Sigurð Sigurðsson sem varamann til sama tíma. Óskar Pálsson er nú skipaður af hálfu SA sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2018 og Drífa Hjartardóttir er skipuð sem varamaður í stjórn til sama tíma.

Frá Félagi iðn- og tæknigreina liggur fyrir tilnefning um Heimi Hafsteinsson sem aðalman í stjórn til ársfundar 2018. Á síðasta ársfundi sjóðsins var Guðrún Elín Pálsdóttir kosin sem aðalmaður í stjórn til ársfundar 2017. Verkalýðsfélagið tilnefnir jafnframt Pétur Magnússon sem varamann í stjórn til ársfundar 2017.

Félag iðn- og tæknigreina tilnefnir Ólafíu Bjarnheiði Ásbjörnsdóttur sem varamann í stjórn til ársfundar 2017.

Aðrar tillögur bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillögurnar til samþykktar eða synjunar.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.



Fundarstjóri óskaði nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar í nýju starfi.

Stjórn sjóðsins þakkar fráfarandi stjórnarmanni Má Guðnasyni fyrir gott og farsælt samstarf á liðnum árum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum

Ekki liggja fyrir tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

7. Laun stjórnarmanna

Már kynnti tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna fyrir tímabilið júní 2016 til og með maí 2017. Almenn stjórnarlaun verði kr. 75.000,- á mánuði. Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 93.750,- á mánuði. Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 112.500,- á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 30.000 fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundum eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Kjör endurskoðanda

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitum endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Pálína Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði endurskoðandi sjóðsins árið 2016.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Þróstur þakkaði Má kærlega fyrir gott og farsælt samstarf. Már lætur nú af störfum eftir áralanga þjónustu og farsælt starf í stjórn sjóðsins.

Már tók til máls og þakkaði sömuleiðis farsælt samstarf og það traust sem honum hefur verið sýnt í gegnum árin. Óskaði komandi stjórn og því fólki sem að starfi sjóðsins koma farsældar í framtíðinni.



Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður líka birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 20:57.

Fundarritari:

Unnur Elín Jónsdóttir



Fundarstjóri:

Már Guðnason

